



AÐGERÐAÁÆTLUN REYKJANESBÆJAR

VEGNA INNLEIÐINGAR BARNASÁTTMÁLANS

2023 - 2025



REYKJANESBÆR

1  HUGTAKID BARN	2  ÖLL BÖRN ERU JÖFN	3  ÞAD SEM BARNINU ER FYRIR BESTU	4  RETTINDI GERD AD VERULEIKA	5  LEIDSÖGN FJÓLSKYLDU	6  LÍF OG ÞROSKI	7  NAFN OG RIKISFANG
8  PERSÓNULEG AUKENNI	9  TENGLI VID FJÓLSKYLDU	10  TENGLI VID FORELDRA I ÖÐRUM LÖNDUM	11  VERND GEGN BROTTNAMI	12  VIRÐING FYRIR SKOÐUNUM BARNNA	13  FRELSI TIL AD DEILA HUGMYNDUM SINUM	14  SKOÐANA- OG TRUFRELSI
15  FÉLAGAFRELSI	16  PERSÓNUPERND OG EINKALÍF	17  ADGENGI AD UPPLYSINGUM	18  ÁBYRGD FORELDRA	19  VERND GEGN OFBELDI	20  UMÓNUNN UTAN FJÓLSKYLDU	21  ÆTTLEIDD BÖRN
22  BÖRN SEM FLÓTTAMENN	23  FÓTLUD BÖRN	24  HEILSUVERND, VATN, MATUR, UMHVÆRFI	25  EFTIRLIT MED VISTUN BARNNA UTAN HEIMLIS	26  FÉLAGSLEG OG EFNAHAGSLEG AÐSTÖÐ	27  NÆRING, FÓT OG ÖRUGGT HEIMILI	28  ADGANGUR AD MENNTUN
29  MÁRKMIÐ MENNTUNAR	30  MENNING, TUNGU-MAL, TRUARBRÖGD MINNIHLUTAHÓPA	31  HVÍLD, LEIKUR, MENNING OG LISTIR	32  VERND GEGN SKADLEGRI VINNU	33  VERND GEGN SKADLEGUM VÍMUEFNUM	34  VERND GEGN KYNFERDISOFBELDI	35  VERND GEGN BROTTNAMI, VÆNDI OG MANSALI
36  VERND GEGN MISBEITINGU	37  BÖRN I HALDI	38  VERND Í STRÍÐI	39  BATI OG AÐLÖGUN	40  BÖRN SEM BRJÓTA LÖG	41  BESTU LÖGIN GILDA	42  ALLIR VERDA AD ÞÉKKJA RETTINDI BARNNA

43-54



HVERNIG BARNASÁTTMALINN VIRKAR

BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Inngangur

Þann 7. apríl 2020 samþykkti bæjarstjórn Reykjanesbæjar að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og verða þannig hluti af verkefninu Barnvæn sveitarfélög¹. Í kjölfarið var skipaður stýrihópur til að halda utan um verkefnið. Í stýrihópinn voru skipaðir fulltrúar frá öllum sviðum Reykjanesbæjar, bæjarfulltrúar, einn úr minnihluta og einn úr meirihluta og tveir fulltrúar úr ungmennaráði Reykjanesbæjar. Allar ákvarðanir sem snúa að framkvæmd verkefnisins voru teknar á fundum stýrihópsins. Að auki var ráðinn verkefnastjóri sem stýrir innleiðingarferlinu og hefur umsjón með verkefninu. Innleiðingarferlið er unnið í samstarfi við UNICEF á Íslandi og fylgir ákveðinni forskrift sem er í 8 liðum.

Þessi aðgerðaáætlun byggir á fjölbreyttri greiningarvinnu á fyrirliggjandi opinberum gögnum um stöðu, heilsu og líðan barna í Reykjanesbæ. Auk þess er tekið mið af skoðunum barna og ungmenna sem leitað var eftir í sérstakri könnun bæjarins, samtölum við sérfræðihópa barna og á ungmennapingi. Áætlunin samanstendur af 16 aðgerðum sem eru flokkaðar í 7 flokka.

Fyrir hönd stýrihópsins,

Hjörtur Magni Sigurðsson,

Verkefnastjóri innleiðingar Barnasáttmálans.



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS

¹ <https://barnvaensveitarfelog.is/>

EFNISYFIRLIT

Orðskýringar	2
1 Barnvæn sveitarfélög	3
1.1 Innleiðingarferli Barnvænna sveitarfélaga	3
2 Skýrsla vegna stöðumats	5
2.1 Stýrihópurinn.....	5
2.2 Fræðsla	6
2.3 Fyrstu skref innleiðingarferlisins	6
2.4 Stöðumat og helstu niðurstöður	6
2.4.1 Gátlistar UNICEF.....	7
2.4.2 Spurningakannanir	9
2.4.2.1 Könnun meðal barna	9
2.4.2.2 Könnun meðal starfsfólks.....	12
2.4.3 Verkefni um Barnasáttmálann.....	14
2.4.4 Mælaborð um farsæld barna	15
2.4.5 Ungmennaráð.....	15
2.4.6 Samtal við sérfræðihópa barna.....	18
3 Aðgerðaáætlun 2023 - 2025	20
3.1 Raddir barna	21
3.2 Fræðsla	25
3.3 Stjórnsýsla	28
3.4 Umhverfis- og samgöngumál	34
3.5 Geðheilbrigðismál	35
3.6 Menntun og skólinn	36
3.7 Frístundamál	37

Orðskýringar

Aðgerðaáætlun	Aðgerðaáætlun fjallar um verkefni og verkþætti sem vinna skal til þess að ná tilteknum markmiðum. Þar er tilgreint hver ber ábyrgð á tiltekinni aðgerð og verkefnishópur aðgerðar.
Aðgerð	Aðgerð er leið að markmiði.
Ábyrgð	Ábyrgðaraðili aðgerðar.
Árangursviðmið	Árangursviðmið eru sett fram í samfelldu máli. Árangursviðmiðin eru vísbendingar um að aðgerðir séu í vinnslu samkvæmt markmiði og/eða markmiðum þeirra mætt.
Innleiðingarferli	Skipulag um framkvæmd og innleiðingu stefnu.
Stöðumat	Grundvöllur aðgerðaáætlunar verkefnisins og býr til ramma fyrir gagnaöflun sem stuðst er við í innleiðingarferlinu.
Könnun	Með könnun (skoðanakönnun eða spurningakönnun) er safnað saman upplýsingum og gögnum um skoðanir, viðhorf og þekkingu frá einstaklingum og hópum.
Markmið	Markmið eru sett fram í samfelldu máli, ýmist huglæg eða hlutlæg.
Tímarammi	Aðgerðir ber að framkvæma innan tilsetts tímaramma. Sumar aðgerðir eru ávallt í framkvæmd.
Samráð	Hagsmunaaðilar sem málið varðar, innan og utan stjórnkerfisins. Þátttaka þeirra stuðlar að betri samstöðu og eykur líkur á að markmið náist.
Stýrihópur	Stýrir vinnunni sem bakhjarl og verkefnishópur. Skipaður fulltrúum frá öllum sviðum Reykjanesbæjar, bæjarfulltrúum og fulltrúum úr ungmennaráði.
Stöðumat	Aflað er víðtækra upplýsinga um viðfangsefnið og umhverfi þess. Komist er að samkomulagi eða sameiginlegri sýn náð á hver staðan raunverulega er.
Verkefnastjóri	Sá sem leiðir stýrihópin áfram að lokaafurð. Verkefnastjórinn samhæfir starf stýrihópsins, er tengiliður við umboðsaðila og ber ábyrgð gagnvart honum/henni. Verkefnastjóri hefur yfirsýn yfir verkefnið. Verkefnastjóri útdeilir verkefnum og viðfangsefnum sem þarf að inna af hendi, miðlar upplýsingum, skipuleggur, kynnir afurðir o.fl.
Verkefnishópur	Framkvæmdaðilar aðgerða, bera ekki endanlega ábyrgð.
Þátttakendur	Þátttaka þeirra sem stuðla að betri samstöðu og eykur líkur á að áætlunin komist til framkvæmda. Hagsmunaaðilar sem málið varðar geta verið margir, innan og utan stjórnkerfisins.

1 Barnvæn sveitarfélög

Barnvæn sveitarfélög er verkefni sem styður sveitarfélög við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla sína stjórnsýslu og starfsemi. Verkefnið byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF sem kallast Child Friendly Cities Initiative og hefur verið innleitt í hundruðum borga frá því árið 1996. Verkefnið hefur verið innleitt hér á landi undir nafninu Barnvæn sveitarfélög frá því árið 2016. Barnvænt sveitarfélag skuldbindur sig til þess að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og vinna markvisst eftir hugmyndafræði verkefnisins sem byggir á þekkingu á réttindum barna, því sem er barninu fyrir bestu, jafnræði – að horft sé til réttinda allra barna og þátttöku barna en saman skapa þessir þættir barnvæna nálgun á málefni sveitarfélagsins.

1.1 Innleiðingarferli Barnvænna sveitarfélaga



Verkefnið Barnvæn sveitarfélög er innleitt í átta skrefum sem hvert um sig styður við réttindi barna innan sveitarfélagsins.

1 Staðfesting

Fyrsta skrefið er staðfesting en þá er tekin þverpólitísk ákvörðun um innleiðingu verkefnisins í sveitarstjórn. Það er gert til þess að skapa samstöðu innan sveitarfélagsins og skipa verkefninu tryggan sess til lengri tíma.

2 Stöðumat

Stöðumatið er umfangsmesta skref ferlisins en tilgangurinn með því er að meta stöðu réttinda barna innan sveitarfélagsins. Stöðumatið felur í sér mikla gagnaöflun. Þá er tölfræðigögnum safnað, leiðbeinandi spurningalistum svarað, spurningakannanir eru lagðar fyrir börn og fullorðna, barnþing er haldið og viðtöl eru tekin við sérfræðihópa barna.

3 Fræðsla

Stöðumatið gefur til kynna hversu mikillar fræðslu er þörf innan sveitarfélagsins og út frá því er ákveðið hvernig er best að hátta henni. Tryggja þarf að börn og fullorðnir þekki réttindi barna og geti sett þau í samhengi við daglegt líf og störf innan sveitarfélagsins. Viðhalda þarf fræðslunni og því þarf hún að vera regluleg.

4 Aðgerðaáætlun

Fjórða skrefið er að útbúa aðgerðaáætlun en hún skal byggja á gögnunum úr stöðumatinu. Mikilvægt er að aðgerðaáætlunin miði að bæði langtíma og skammtíma markmiðum þar sem það er mikilvægt að börn finni strax fyrir áhrifum af verkefninu.

5 Framkvæmd

Eftir að aðgerðaáætlun hefur verið samþykkt af bæði UNICEF og sveitastjórn er kominn tími til að framkvæma aðgerðirnar sem í henni eru. Gott getur verið að miða við að framkvæmdin taki u.þ.b. eitt ár. Skipaður er ábyrgðaraðili fyrir hverri aðgerð í áætluninni sem ber ábyrgð á að koma aðgerðinni í framkvæmd innan fyrir fram skilgreinds tímaramma.

6 Skýrsla

Bæði umsjónarmaður verkefnisins ásamt stýrihópi og ungmennaráð skila skýrslu til UNICEF um framgang verkefnisins. Í skýrslu umsjónarmanns og stýrihóps er lögð áhersla á að útskýra hvernig gekk að framkvæma aðgerðirnar í aðgerðaáætlun en skýrsla ungmennaráðsins fjallar aðallega um þau verkefni sem ráðið hefur unnið í tengslum við innleiðinguna ásamt því að taka fram hvaða breytingum börn í sveitarfélaginu hafa fundið fyrir á innleiðingartímanum.

7 Mat og viðurkenning

Að fyrstu sex skrefunum loknum er komið að úttekt á verkefninu. UNICEF framkvæmir úttektina og ef UNICEF metur sem svo að verkefnið hafi verið réttindum barna til framdráttar innan sveitarfélagsins og ef aðgerðir aðgerðaáætlunar hafa verið framkvæmdar fær sveitarfélagið viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag.

8 Ný markmið og endurmat

Viðurkenning Barnvæns sveitarfélags gildir í þrjú ár frá því að hún er veitt. Því þarf sveitarfélagið að setja sér ný markmið og hefja nýtt stöðumat fljótlega eftir að viðurkenning er í höfn, ætli það sér að hljóta endurmat að þremur árum liðnum. Þá þarf sveitarfélagið að fara í gegnum innleiðingarferlið að nýju og ef vel gengur hlýtur það nýja viðurkenningu.

2 Skýrsla vegna stöðumats

Þann 7. apríl 2020 samþykkti bæjarstjórn Reykjanesbæjar að innleiða Barnasáttmálann en áður hafði bæjarstjórn fengið kynningu frá UNICEF á því í hverju verkefnið fælist og hvernig innleiðingarferlinu væri háttað. Með samþykkt bæjarstjórnar lauk fyrsta þætti af átta í innleiðingarferlinu. Skipað var í stýrihóp sem hófst handa við að undirbúa stöðumat og fræðslu, skrefi tvö og þrjú í innleiðingarferlinu. Aðgerðaáætlun þessi er skref fjögur í innleiðingarferlinu.

2.1 Stýrihópurinn

Í stýrihópinum voru skipaðir eftirtaldir aðilar:

- Hjörtur Magni Sigurðsson, verkefnastjóri, velferðarsvið
- Þorgeir Sæmundsson, stjórnarsýslusvið
- Einar Trausti Einarsson, fræðslusvið
- Ingunn Björg Halldórsdóttir, velferðarsvið
- Guðlaug María Lewis, stjórnarsýslusvið
- Guðbrandur Einarsson, bæjarfulltrúi
- Margrét Þórarinsdóttir, bæjarfulltrúi
- Gunnar Kristinn Ottósson, umhverfissvið
- Helga María Finnbjörnsdóttir, stjórnarsýslusvið
- Hafþór. B. Birgisson, fræðslusvið
- Betsý Ásta Stefánsdóttir, ungmennaráð
- Hermann Borgar Jakobsson, ungmennaráð

Mannabreytingar urðu í stýrihópnum á meðan á verkefninu stóð. Ingunn Björg Halldórsdóttir og Helga María Finnbjörnsdóttir létu af störfum hjá Reykjanesbæ og í þeirra stað tóku Thelma Rún Birgisdóttir (velferðarsvið) og Aðalheiður Júlírós Óskarsdóttir (skrifstofa stjórnarsýslu) sæti í stýrihópnum. Stýrihópurinn fundaði alls sex sinnum á meðan á stöðumatinu stóð og einnig voru haldnir smærri fundir þar sem stýrihópnum var skipt upp í verkefnishópa. Þá fundaði verkefnastjóri þrisvar sinnum með ungmennaráði Reykjanesbæjar og vann verkefnið í þéttri samráði við ungmennaráðsmeðlimi og umsjónarmann ráðsins.

2.2 Fræðsla

Áður en ákveðið var að fara í innleiðingu Barnasáttmálans hélt UNICEF námskeið fyrir stýrihóp verkefnisins, sviðsstjóra og nokkra lykilstarfsmenn um Barnasáttmálann og þýðingu hans. Fulltrúar ungmennaráðs Reykjanesbæjar fengu jafnframt hálf dags námskeið hjá UNICEF. Strax þegar stöðumatið hófst voru stjórnendur leik- og grunnskóla hvattir til að hvetja kennara til að fræða nemendur um innihald Barnasáttmálans og vinna verkefni um sáttmálann. Þá voru stjórnendur einnig hvattir til að panta bæklinga og veggspjöld um Barnasáttmálann og setja veggspjöldin á áberandi staði í skólana. Loks voru kynningarbréf send á foreldra og forráðamenn í tengslum við viðhorfskannanir og þeir hvattir til að ræða við börnin um Barnasáttmálann og innihald hans og börnin sjálf fengu sérstakt kynningarbréf um Barnasáttmálann. Gert er ráð fyrir frekari fræðslu í aðgerðaáætluninni.

2.3 Fyrstu skref innleiðingarferlisins

Reykjanesbær er tilbúinn til að ráðast í þær aðgerðir sem nauðsynlegt er að grípa til svo að hægt sé að byggja upp Barnvænt sveitarfélag sem hefur merkingu. Leitast verður við að tryggja þátttöku barna í öllum ákvarðanatökum sem snúa að málefnum sem varða þau og hafa áhrif á þau með einum eða öðrum hætti. Hafist var handa við stöðumat verkefnisins í október 2020 og var gögnum safnað saman á margvíslegan máta. Gerð verður nánari grein fyrir gagnasöfnuninni hér fyrir neðan.

2.4 Stöðumat og helstu niðurstöður

Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir þeim gögnum og aðferðum sem notaðar voru við stöðumatið. Þar á eftir verður farið ítarlega yfir hvern þátt og þær aðferðir sem notaðar voru.

- Gátlistar UNICEF
- Spurningakannanir meðal barna og starfsfólks
- Mælaborð um farsæld barna
- Ungmennþing
- Samtal við sérfræðihópa barna

2.4.1 Gátlistar UNICEF

Stýrihópnum var skipt upp í fimm hópa og svaraði hver þeirra einum gátlista. Þegar allir hóparnir höfðu lokið við að svara voru niðurstöðurnar gerðar aðgengilegar á sameiginlegu svæði stýrihópsins þar sem fulltrúum gafst kostur á að bæta við svörin. Þá voru allir ungmennaráðsmeðlimir hvattir til að skoða og svara gátlistunum og ræða spurningarnar við önnur börn og ungmenni. Verkefnastjóri tók niðurstöðurnar loks saman og kynnti þær fyrir hópnum á fundi stýrihópsins. Sumar spurningarnar voru þess eðlis að leita þurfti ráðgjafar út fyrir hópinn, t.d. varðandi spurningar um réttindafræðslu í skólum. Stýrihópurinn leitaði ráðgjafar út fyrir hópinn eftir þörfum, ýmist með könnunum sem sendar voru á starfsfólk skóla eða með því að hafa samband við rétta aðila. Með þessum hætti var tryggt að gátlistunum væri svarað með sem bestum hætti. Lögð var rík áhersla á að fá eins skýra mynd af stöðunni og kostur var. Í töflunni hér á næstu blaðsíðu eru niðurstöðurnar sýndar eins og stýrihópurinn taldi þær fram í grunnþáttunum fimm.

Tafla 1: Samantekt á niðurstöðum stýrihópsins við gátlistunum 5


Þekking á réttindum barna	Það sem barninu er fyrir bestu	Jafnræði - að horft sé til réttinda allra barna	Þátttaka barna	Barnvæn nálgun
<p>* Endurskoða þarf stefnumótandi skjöl sveitarfélagsins með hliðsjón af Barnasáttmálanum og réttindum barna.</p> <p>* Réttindafræðsla verði aðgengileg fyrir alla. Fræðslan þarf að vera markviss og samfelld og ná til barna, kjörinna fulltrúa og íbúa.</p> <p>* Finna þarf leiðir til að virkja börn og ungmenni og leyfa þeim að taka þátt sem skipuleggjendur og/eða fræðarar og leggja þarf áherslu á fræðsla náí til starfsfólks sem vinnur með börnum.</p> <p>* Skoða hvort réttindafræðsla geti orðið hluti af skólanámskrá allra skóla í sveitarfélaginu.</p> <p>* Taka þarf markvissstíð af réttindum barna við ákvarðanir og í verklagi starfsfólks. Til að þetta verði framkvæmanlegt þarf að yfirfara verkferla og verklagsreglur hjá bænum almennt með hliðsjón af Barnasáttmálanum og réttindum barna.</p> <p>* Mæla þarf þekkingu barna og fullorðinna á Barnasáttmálanum með könnunum.</p> <p>* Kanna þarf með markvissum hætti upplifun barna og ungmenna af því hvernig réttindi þeirra eru uppfyllt innan sveitarfélagsins.</p> <p>* Miðla þarf upplýsingum til starfsfólks, barna og annarra íbúa um hvernig skuli bregðast við í þeim tilvikum þar sem brotið er á réttindum barna.</p>	<p>* Áður en ákvarðanir eru teknar sem hafa áhrif á eða geta haft áhrif á börn þarf að leggja sérstakt mat á það hvaða áhrif ákvarðanirnar hafa á þau.</p> <p>* Leita þarf meira til barna áður en ákvarðanir eru teknar sem hafa eða geta haft áhrif á líf þeirra.</p> <p>* Taka þarf tillit til sjónarmiða og reynslu barna sem málið varðar áður en metið er hvað er talið þeim fyrir bestu.</p> <p>* Gera þarf afleiðingagreiningar (e. Child impact assessment) við allar stærri ákvarðanir sem varða börn.</p> <p>* Barnvæn fjárhagsáætlun (e. Child friendly budgeting). Leggja mat á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins út frá barnvænum forsendum.</p> <p>* Stuðla þarf að því að haft sé samráð við ungmennaráð og önnur börn og ungmenni við fjárhagsáætlunargerð.</p> <p>* Hafa samráð við börn í niðurskurði ef um er að ræða þjónustu sem þeim er veitt.</p> <p>* Áður en ákvarðanir eru teknar sem hafa áhrif á börn eða geta haft áhrif á þau ber að leggja til grundvallar Barnasáttmálann, fyrirliggjandi upplýsingar og niðurstöður rannsókna.</p>	<p>* Endurskoða þarf jafnréttisáætlun sveitarfélagsins m.t.t. barna og ungmenna og fjölbreytileika þeirra.</p> <p>* Gera þarf mannréttindastefnu.</p> <p>* Leggja þarf mat á aðgeðir sem hafa það markmið að koma í veg fyrir mismunun.</p> <p>* Leggja þarf áherslu á að haft sé samráð við börn sem tilheyra viðkvæmum hópum og að leitað sé upplýsinga hjá þeim um hvort aðgerðir hafi skilað tilætluðum árangri.</p> <p>* Auka þarf skilning barna á því hvernig þau geta komið skoðunum og ábendingum á framfæri til sveitarfélagsins án milligöngu fullorðinna.</p> <p>* Auka samráð við ólíka hópa barna í öllum málum sem varða þau.</p> <p>* Tryggja að gagnasöfnun um líðan, lífsskilyrði og réttindi barna náí til ólíkra hópa barna.</p> <p>* Tryggja þarf að börn og starfsfólk fái þjálfun í að koma auga á mismunum í daglegu lífi.</p> <p>* Skoða þarf hvort börn sem hafa orðið fyrir mismunum geti fengið stuðning eða aðstoð við að leita réttar síns, t.d. í gegnum umboðsmann íbúa eða sérstakan umboðsmann barna innan sveitarfélagsins.</p>	<p>* Við stefnumótun og gerð aðgerðaáætlana geta öll svið og einstaka stofnanir gert betur í að vinna með raddir barna og ungmenna.</p> <p>* Öll mál þar sem taka þarf stórar ákvarðanir sem varða börn með einum eða öðrum hætti væri hægt að senda ungmennaráði til kynningar eða umsagnar. Setja þessa leið inn í verkferla allra sviða og stofnana.</p> <p>* Lagalegur grundvöllur fyrir þátttöku barna og ungmenna. Fræðsla fyrir alla starfsmenn, bæði nýja og þá sem eru nú þegar starfandi hjá sveitarfélaginu.</p> <p>* Leita meira til barna þegar verið er að fjalla um málefni sem snerta þau sérstaklega, t.d. þegar verið er að skipuleggja leikvelli, ákveða opnunartíma, samgöngur, frístundaheimili og almenningsvæði svo eitthvað sé nefnt.</p> <p>* Tryggja þarf að til staðar séu verkferlar sem stuðla að því ungmennaráð fái endurgjöf frá sveitarstjórn eða öðru starfsfólki þegar það leggur fram fyrirspurnir, tillögur eða kemur skoðunum sínum á framfæri með öðrum hætti.</p> <p>* Stuðla þarf að þátttöku þeirra barna og ungmenna sem eru ekki hluti af skipulögðum hópum eins og ungmennaráði.</p>	<p>* Leita þarf markvissstíð eftir skoðunum barna á öllum aldri við mat á þjónustu sem þeim er veitt. Mikilvægt að leitað sé til allra aldurshópa sem geta myndað sér skoðanir.</p> <p>* Stuðla að auknum tækifærum fyrir börn til þátttöku við þróun og mat á þjónustu sem ætluð er þeim.</p> <p>* Efla þarf samstarf allra sviða við Ungmennaráð Reykjanesbæjar.</p> <p>* Gera þarf umhverfi stofnana hlýlegt og barnvænt. Leita eftir skoðunum barna, þ.e. fá þau til að leiðbeina starfsfólki í þessari vinnu.</p> <p>* Kynna hvatagreiðslur fyrir börnum. Miðað við hlutfall nýtingar á hvatagreiðslum er ólíklegt að börn viti almennt að þessi styrkur sé í boði.</p> <p>* Börn þurfa að geta aflað sér upplýsinga og fengið ráðgjöf við hæfi án aðkomu foreldra. Finna þarf leiðir þar sem börn geta nálgast sálfræðinga/námsráðgjafa í skólum og félagsmiðstöðvum.</p> <p>* Skoða hvort hægt sé að útbúa sérstök ábendingakerfi fyrir börn þannig að þau geti m.a. komið ábendingum og kvörtunum um brot á réttindum sínum á framfæri með einföldum hætti.</p> <p>* Safna þarf upplýsingum um viðhorf barna til frístunda og nýta þær upplýsingar við þróun verkefna og úthlutun styrkja og aðstöðu.</p>

2.4.2 Spurningakannanir

Árið 2020 voru lagðar fyrir tvær spurningakannanir, önnur meðal barna á aldrinum 9 til 18 ára og hin meðal starfsfólks Reykjanesbæjar. Kannanirnar voru gerðar í gegnum forritið Survey Monkey og ábyrgð þeirra var hjá verkefnastjóra. Tilgangurinn var m.a. að kanna þekkingu á Barnasáttmálanum og skoða þátttöku barna. Farið er yfir niðurstöðurnar hér í næstu tveimur köflum.

2.4.2.1 Könnun meðal barna


Könnunin var framkvæmd í desember 2020. Könnunin var send á netföng skólastjórnenda ásamt kynningarbréfi, annað til foreldra og forráðamanna og hitt til barna. Stjórnendur skólana voru beðnir um að hvetja umsjónarkennara til að nýta kennslustundir til að svara könnuninni. Könnunin var opin í rúman mánuð til að tryggja sem víðtækasta svörun og bárust svör frá alls 1068 börnum eða um 46% barna. Tilgangur könnunarinnar var að kanna þekkingu barna á Barnasáttmálanum og þar með réttindum sínum og möguleika þeirra til að taka þátt og hafa áhrif þegar kemur að málefnum sveitarfélagsins sem varða börn og ungmenni. Niðurstöður könnunarinnar sýna að þörf er á aukinni fræðslu um Barnasáttmálann. Niðurstöðurnar eru einnig í takt við greiningu á niðurstöðum stýrihópsins við gátlistunum hvað varðar þátttöku barna þegar taka á ákvarðanir sem varða börn með einum eða öðrum hætti. Aldursdreifingu svarenda má sjá á mynd 1 hér fyrir neðan.



Mynd 1: Aldursdreifing barna sem svöruðu könnun Reykjanesbæjar

Kynjahlutfallið var nokkuð jafnt, en 52% svara komu frá stúlkum, 47% frá drengjum og 1% merkti við annað. Börnin voru spurð um tungumál á heimilum þeirra en á heimili 70% svarenda er eingöngu töluð íslenska, á 17% heimila íslenska ásamt öðru tungumáli og á 13% heimila er eingöngu talað annað tungumál en íslenska. Aðspurð hvort þau hefðu heyrt talað um Barnasáttmálann sögðust 52% ekki hafa heyrt talað um hann og einungis 20% töldu sig geta nefnt fjögur réttindi úr sáttmálanum. Börnin voru einnig spurð hvort réttindin í Barnasáttmálanum gildi um þau sjálf en rúm 69% vita ekki hvort svo er. Þá vissu 60% barna


ekki hvort þau gætu misst réttindin sín ef þau gerðu eitthvað af sér, 15% barna töldu sig geta tapað réttindum sínum en 25% vissu að þau tapa ekki réttindum sínum samkvæmt sáttmálanum, jafnvel þó þau geri eitthvað af sér, sjá mynd 2. Börnin voru einnig spurð hvort



Mynd 2: Hlutfall svara eftir því hvort börnin telji sig geta misst réttindi sín ef þau gera eitthvað af sér.

starfsfólk Reykjanesbæjar hafi spurð þau um skoðun þeirra á málefnum sem varða börn og ungmenni, en rúm 70% sögðu svo ekki vera. Þegar börnin voru spurð hvort þau myndu vilja að starfsfólk Reykjanesbæjar spyrði þau oft um skoðun þeirra á því sem gert er í bænum voru skoðanir nokkuð skiptar. 41% barna voru ekki viss, 33% vilja það ekki og 26% barna vilja að leitað sé eftir

skoðunum þeirra. Börnin voru spurð hvernig þau teldu best fyrir Reykjanesbæ að leita eftir skoðunum barna. Flest atkvæði fengu kannanir eða um 30% og þar á eftir kom að nota skóla og félagsmiðstöðvar til að leita eftir samráði eða um 19%. Dreifinguna má sjá á mynd 3 hér fyrir neðan.²




Mynd 3: Hugmyndir barna um hvernig sé best að starfsfólk Reykjanesbæjar leiti eftir skoðunum þeirra.

Spurt var hvort börnin fengu tækifæri til að hafa áhrif á það sem gert er, annars vegar í skólanum og hins vegar í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. 61% sögðust fá tækifæri til að hafa áhrif á það sem gert er í skólanum og 44% í íþrótt- og tómstundastarfi. Þá var spurt hvort starfsfólk skólana hafi spurð börnin eða bekkjarfélaga þeirra að því hvernig hægt væri að gera skólann betri en 66% töldu svo vera. Spurt var hvort börnunum finnst þau vera örugg í skólanum. 57% telja sig vera örugg í skólanum, 21% finnst þau ekki vera örugg og 22% eru ekki viss. Þá telja 42% að fullorðna fólkið í skólanum viti hvernig eigi að bregðast við ef barni líður illa, t.d. ef barni líður ekki nógu vel heima hjá sér, 34% vita það ekki og 24% telja svo ekki

² Aðrir miðlar sem voru nefndir voru TikTok og Discord.


vera. Spurt var hvort öll börn fái jöfn tækifæri til að segja skoðun sína í kennslustundum. 48% barna töldu svo vera, 29% sögðu svo ekki vera og 23% vita það ekki.

Loks voru börnin spurð hvort þeim finnst þau geta leitað til einhvers fullorðins innan skólans ef þeim líður illa og gátu börnin merkt við fleiri en einn svarmöguleika. Flest börn telja sig geta leitað til umsjónarkennara eða um 51%, en þar á eftir eru aðrir kennarar eða starfsmenn með 30%. Þá segja 24% að þau geti leitað til skólastjóra. Niðurstöður má sjá á mynd 4 hér fyrir neðan.



Mynd 4: Hlutfall svara eftir því hvort börnin telja sig geta leitað ef þeim líður illa í skólanum.

Spurt var hvort allir í skólanum fái að vera eins og þeir eru án þess að vera strítt og telur 40% barna svo ekki vera, 35% vita það ekki og 25% telja að allir fái að vera eins og þeir eru án þess að vera strítt. Að lokum voru börnin spurð að því hvernig þeim finnst að búa í Reykjanesbæ. 50% barna finnst það frekar eða mjög skemmtilegt, 32% finnst það allt í lagi og 18% finnst það frekar eða mjög leiðinlegt, sjá mynd 5.




Mynd 5: Hlutfall svara eftir því hvort börnum finnst skemmtilegt eða leiðinlegt að búa í Reykjanesbæ.

Hvað þekkingu á Barnasáttmálanum varðar má að lokum nefna að um 52% þeirra stúlkna sem svöruðu könnuninni hafa heyrt talað um Barnasáttmálann og telja 22% þeirra sig geta nefnt

fjögur réttindi úr sáttmálanum. Til samanburðar hafa um 43% drengja sem svöruðu heyrt talað um Barnasáttmálann og 17% þeirra telja sig geta nefnt fjögur réttindi úr sáttmálanum.

2.4.2.2 Könnun meðal starfsfólks

Í desember 2020 var einnig gerð könnun meðal starfsfólks sveitarfélagsins á þekkingu og viðhorfi þeirra til Barnasáttmálans og málefna tengdum börnum. Könnunin var send út á allt starfsfólk sveitarfélagsins með skráð netföng og bárust svör frá tæplega 36% starfsfólks. Flest svör komu frá starfsfólki sem vinnur með börnum eða rúmlega 73%. 98% svarenda höfðu heyrt talað um Barnasáttmálann og um 62% segjast geta nefnt fjögur réttindi úr sáttmálanum. 93% telja að Barnasáttmálinn gildi um öll börn, 2% telur svo ekki vera og 5% veit ekki hvort svo sé. Það hvort réttindin í Barnasáttmálanum hafi í för með sér skyldur fyrir börn er dreifingin á svörum nokkuð jöfn eins og sjá má á mynd 6.




Mynd 6: Hafa réttindin í Barnasáttmálanum í för með sér skyldur fyrir börn?

Langstærsti hluti starfsfólks veit að barn getur ekki misst réttindin sín þótt það brjóti af sér eða um 83%, 16% veit það ekki og 1% telur að börn geti misst réttindin ef þau brjóta af sér. 81% starfsfólks segja að Barnasáttmálinn eigi við í því starfi sem það gegnir og 57% segjast spyrja börn álitis eða lofa þeim að taka þátt í starfi sínu með einhverjum hætti. Starfsfólk var einnig spurt að því hvort það hafi fengið fræðslu um réttindi barna og hvernig þau tengist skólastarfi, frístundastarfi eða barnavernd. Einungis 49% svaraði því játandi. Við þetta má bæta að rúm 58% sem svöruðu að það starfi með börnum hafa fengið slíka fræðslu. Þá var starfsfólk spurt að því hvort það hefði fengið fræðslu um hvað barnaverndarlög, grunnskólalög, æskulýðslög og aðalnámskrá segja um mannréttindi. 36% segjast hafa fengið slíka fræðslu, 37% segjast ekki hafa fengið slíka fræðslu og 27% fræðslu að hluta. 93% telur sig vita hvernig bregðast skuli við ef barni líður illa, en einungis 55% starfsfólks segja að tilkynningarskylda barnaverndarlaga hafi verið kynnt fyrir þeim frá því að það hóf störf.³ Þá var starfsfólk spurt að því hvort það væru skýrar verklagsreglur á þeirra vinnustað um tilkynningar til barnaverndar, sjá

³ Um 66% starfsfólks sem svaraði því að það starfi með börnum sögðu að tilkynningarskylda barnaverndarlaga hafi verið kynnt fyrir þeim frá því að það hóf störf.


mynd 7. Af því starfsfólki sem svaraði því að það starfi með börnum telja rúm 68% að skýrar verklagsreglur séu á þeirra vinnustað um tilkynningar til barnaverndar, tæp 15% telja svo ekki



Mynd 7: Eru skýrar verklagsreglur á þínum vinnustað um tilkynningar til barnaverndar?

vera og tæp 17% vita ekki hvort svo sé. Þegar spurt var hvort starfsfólk hafi fengið markvissa fræðslu um ofbeldi gegn börnum og hvernig bregðast skuli við þegar grunur vaknar um að barn búi við vanrækslu/ofbeldi reyndust um 57% ekki hafa fengið slíka fræðslu. Hlutfallslega fleiri töldu sig vita hvernig ætti að bera sig að ef það grunaði að barn verði fyrir ofbeldi/vanrækslu eða um 82%. Þá var spurt að því hvort starfsfólk hafi

sent tilkynningu til barnaverndar vegna gruns um að barn búi við vanrækslu/ofbeldi en um 63% segjast hafa sent slíka tilkynningu. Þá telja 63% sig hafa nægjanlegt svigrúm í starfi sínu til að leita eftir viðhorfum barna. Starfsfólk var einnig spurt að því hvort því finnst verkefni, starfshættir og samskipti innan Reykjanesbæjar miða að því að stuðla að jákvæðu viðhorfi og virðingu fyrir börnum. Niðurstöður þeirrar spurningar er að finna á mynd 8. Þá voru 89% frekar eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að skoðanir og gildismat barna sé jafn mikilvægt og hinna fullorðnu, 7% hvorki sammála né ósammála og 4% frekar eða mjög ósammála. 85% starfsfólks var frekar eða mjög sammála því



Mynd 8: Finnst þér verkefni, starfshættir og samskipti innan Reykjanesbæjar miða að því að stuðla að jákvæðu viðhorfi og virðingu fyrir börnum?

að það væri nægilega vel meðvitað um hvernig mismunun birtist í samfélaginu, hvaða áhrif hún getur haft og hvernig rétt sé að bregðast við mismunun þar sem hún birtist, 9% voru hvorki sammála né ósammála og 6% voru frekar eða mjög ósammála. Að lokum var starfsfólk spurt að því hvort það væri sammála eða ósammála þeirri ákvörðun Reykjanesbæjar að innleiða Barnasáttmálann inn í allt starf og stefnumótun bæjarins. Um 90% eru sammála þeirri ákvörðun, um 10% eru hvorki sammála né ósammála og undir 1% er ósammála. Af niðurstöðum könnunarinnar má ráða að þörf er á aukinni fræðslu, ekki einungis um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna heldur einnig um ofbeldi gegn börnum og hvernig bregðast skuli við þegar grunur vaknar um að barn búi við vanrækslu eða sé beitt ofbeldi.

2.4.3 Verkefni um Barnasáttmálann

Eins og fram kom hér að framan voru skólastjórnendur hvattir til að hvetja starfsfólk sitt til að fræða börnin um innihald sáttmálans og vinna í framhaldinu með þeim verkefni um Barnasáttmálann. Þeim var bent á vef Barnasáttmálans, www.barnasattmali.is, þar sem finna má mikið af hagnýtu fræðsluefni fyrir börn á öllum aldri. Tveir bekkir í tveimur skólum, annars vegar nemendur í 1. bekk í Akurskóla og hins vegar 3. bekk í Holtaskóla, unnu verkefni um réttindatré þar sem unnið var með innihald sáttmálans á skapandi hátt. Hér að neðan má sjá myndir af verkefnunum.



Mynd 9: Verkefni nemenda í 1. bekk í Akurskóla



Mynd 10: Verkefni nemenda í 3. bekk í Holtaskóla



2.4.4 Mælaborð um farsæld barna

Í tengslum við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þróaði Kópavogur, í samstarfi við félagsmálaráðuneytið og UNICEF á Íslandi, mælaborð sem hefur að geyma safn mælinga úr rannsóknum á velferð og stöðu barna og ungmenna. Mælingarnar eru 90 talsins en auk yfirlits yfir einstaka mælingar hefur verið reiknuð vísitala Barnvæns sveitarfélags á grundvelli mælinganna. Reykjanesbær ákvað að slást í hóp þeirra sveitarfélaga sem nýta sér mælaborðið og hefur verkefnastjóri tekið þátt í áframhaldandi þróun þess ásamt verkefnastjórum annarra sveitarfélaga, starfsfólki félagsmálaráðuneytisins og Háskóla Íslands. Mælaborðið er að mati stýrihópsins frábær viðbót við stöðumatið og mun svo sannarlega veita sveitarfélaginu betri yfirsýn yfir þær aðgerðir sem þörf er á að ráðast í til að innleiða Barnasáttmálann. Auk þess kemur mælaborðið til með að veita stýrihópnum og öðru starfsfólki Reykjanesbæjar betri yfirsýn yfir stöðu og líðan barna.

2.4.5 Ungmennaráð

Verkefnastjóri lagði stutta könnun fyrir ungmennaráðsmeðlimi⁴ í byrjun maí 2021 og fundaði með þeim í framhaldinu. Tilgangur könnunarinnar og fundarins var að fá innsýn inn í reynslu og upplifun fulltrúa ráðsins af starfsemi þess og þátttöku þeirra í málefnum sveitarfélagsins er varða þau og önnur börn og ungmenni. Í ljós kom að fulltrúar ráðsins vilja meiri fræðslu um stjórnsýsluna og að skapaður sé vettvangur þar sem öllum börnum og ungmennum í sveitarfélaginu er gefið tækifæri til að hafa áhrif. Þann 7. október 2021 stóðu fulltrúar ráðsins svo fyrir ungmennabingi í 88 húsinu og voru um 60 börn í 8., 9. og 10. bekk skráð og komu þau úr öllum grunnskólum Reykjanesbæjar.⁵ Viðfangsefni þingsins var tvíþætt, annars vegar fræðsla og hins vegar var farið í vinnuhópa undir handleiðslu umræðustjóra þar sem staða ungmenna í sveitarfélaginu var rædd. Dregin var upp mynd af því sem betur mætti fara og einnig því sem er vel gert. Ungmennaráðsmeðlimir sinntu hlutverki umræðustjóra og starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar tóku að sér hlutverk ritara. Samantekt á helstu niðurstöðum þingsins má finna á *töflu 2* á næstu blaðsíðu.

⁴ Ungmennaráð skólaárið 2020 til 2021.

⁵ Þar sem ekki var hægt að halda stærra þing vegna kórónuveirufaraldursins var börnum og ungmennum á aldrinum 11 til 18 ára gefinn kostur á að koma sínum hugmyndum og ábendingum á framfæri með rafrænum hætti. Veggspjöld með nánari upplýsingum voru hengd upp víðsvegar um bæinn og í öllum grunn- og framhaldsskólum sveitarfélagsins. Alls bárust hugmyndir og ábendingar frá um 100 börnum.

Tafla 2: Samantekt á helstu niðurstöðum Ungmennapings Reykjanesbæjar frá október 2021

Skólamáli	Íþróttir, tómstundir og félagsmál	Umhverfis- og samgöngumál	Forvarnir og fræðsla
<ul style="list-style-type: none"> * Skoða þarf vinnuástöðu í skólum Reykjanesbæjar, s.s. stóla, bekki, sófa o.fl. * Skoða hvort hægt sé að hafa það þannig að skólar hefjist á sama tíma. * Skólahreystisbraut við fleiri skóla. * Kallað eftir því að til staðar sé trúnaðarmaður nemenda í hverjum skóla. Slíkt myndi auðvelda nemendum að koma ábendingum og hugmyndum á framfæri. * Kallað eftir kennslu í fjármálalæsi, fjölmenningu, skyndihjálp og táknaði. * Meira um list- og verkgreinar. * Hafa val um skólasund á efsta stigi og hafa kynjaskipt í sundi en ekki í íþróttum. * Fá sjálfসা í alla skóla. * Bæta aðstöðu á lóðum grunnskóla m.a. með því að koma fyrir fleiri leiktækjum og þannig auka afþreyingu. * Skoða hvort hægt sé að hafa val um fleiri tungumál t.d. spænsku og frönsku, skoða sem valgrein. * Nemendur fái meiri aðstoð við heimanám. * Skoða hvort allir skólar geti tekið upp „Vinnustund“ eins og Akurskóli. * Meiri afþreyingu í frímínútum og lengri frímínútur. * Meiri stuðning fyrir börn af erlendum uppruna og börn með fatlanir. Samræma aðgerðir milli skóla. * Auka þarf viðveru skólahjúkrunarfræðinga í öllum skólum. * Tryggja jafnt félagslíf í öllum skólum. Félagslíf mjög misjafnt á milli skóla. * Samráð við nemendur um kennsluefni og kennsluaðferðir. * Misjafnt eftir skólum hvernig kennarar standa sig með nemendaráðin. Þarf að skoða. * Betri matur í skólana. * Betra Wifi. 	<ul style="list-style-type: none"> * Hverfismiðstöðvar: það vantar fleiri félagsmiðstöðvar svo að aðgengi allra sé jafnt. Það vantar t.d. félagsmiðstöð í Innri Njarðvík og á Ásbrú þar sem það hafa ekki allir tök á því að fara í Fjörheima/88 húsið. * Fá betri kynningu á hvatagreiðslum, hvernig má nálgast þær og í hvað sé hægt að nota þær. * Hafa fleiri sameiginlega viðburði fyrir skólana, bæði úti og inni, eins og t.d. íþróttamót og gettu betur. * Hafa meiri fjölbreytileika í viðburðum en ekki bara böll. Ekki allir sem hafa áhuga á því. * Vantar fleiri viðburði fyrir 8. til 10. bekk. * Endurskoða tímatöflur íþróttar og tómstunda þannig að þær skarist ekki. * Skoða hvort hægt sé að auka afþreyingu fyrir börn og ungmenni um helgar, t.d. með því að hafa opna félagsmiðstöð. * Öll börn og ungmenni fái kynningu á starfsemi ungmennaráðs og hlutverki ráðsins. * Stuðla að aukinni þátttöku fatlaðra barna og barna af erlendum uppruna í félagslífinu. * Fá betri kynningu inn í skólann á þeim íþróttum og tómstundum sem eru í boði í Reykjanesbæ. 	<ul style="list-style-type: none"> * Endurskoða þarf leiðarkerfi almenningsvagna í samráði við börn og ungmenni. Núverandi leiðarkerfi þarf að taka betur mið af þörfum barna m.t.t. íþróttar og tómstunda. Núverandi kerfi og æfingartímar passa t.d. ekki vel saman. * Skoða hvort hægt sé að hafa frítt í strætó fyrir börn og ungmenni. * Bæta þarf lýsingu á ýmsum svæðum, t.d. við skólalóðir og íþróttavelli. * Bæta við ruslatunnum víðsvegar um bæinn og tryggja að þær séu tæmdar oftar. Laga þær tunnur sem þarfnast viðhalds og bæta ruslatunnum við skólalóðir. * Stuðla að litríkara umhverfi. * Meira um gróður á opin svæði og við skólalóðir. * Bæta við fleiri hjólastígum og skapa þannig meira öryggi fyrir hjólríðafólk. * Fara út að tína rusl oftar. * Laga strætósýli sem þarfnast viðhalds. * Fá fleiri aparólur og ærslabelgi, t.d. í Innri Njarðvík og upp á Ásbrú. Ekkert almennilegt leiktæki á Ásbrú. * Vantar fleiri leiksvæði fyrir börn og ungmenni í Reykjanesbæ. 	<ul style="list-style-type: none"> * Bæta þarf fræðslu í skólum. Kallað eftir aukinni fræðslu, t.d. kynfræðslu, fræðslu um andlega og líkamlega heilsu, ofbeldi, skaðleg áhrif vímuefna og loftslagsmál. * Fræðsla um mörk í kynlífi. * Fræða þarf börn og ungmenni um hvert sé hægt að leita sér aðstoðar vegna andlegra veikinda. Margir sem vita t.d. ekki af hjálparsíma 1717. Þetta þarf að auglýsa mun betur. * Kallað eftir fræðslu á miðstigi og upp úr. * Þjóða þarf upp á opna tíma hjá sálfræðingi og/eða félagsráðgjafa 1x-2x í viku í skólum eða leita leiða til að auka aðgengi barna að ráðgjöf. Mjög slæmt hvað er lítið aðgengi að aðstoð. * Hinsegin fræðsla í alla skóla og fá góða kynningu á Hinsegin Plútó. * Auka stjórn málafræðslu í skólum. * Ef Reykjanesbær er fjölmenningsarsamfélag, af hverju erum við ekki að læra meira um fjölmenningu?

Myndir frá Ungmennáþingi Reykjanesbæjar 2021

Eins og sjá má á myndunum voru ungmennin full af áhuga og höfðu margt til málanna að leggja.



2.4.6 Samtal við sérfræðihópa barna

Í samtali við sérfræðihópa barna var leitast við að ná til barna af erlendum uppruna og barna með fatlanir og stuðningsþarfir. Leitað var til starfsfólks allra grunn- og framhaldsskóla Reykjanesbæjar og óskað eftir aðstoð þeirra við öflun þátttakenda og við framkvæmd viðtala. Vegna mikilla anna og manneklu í skólunum, einkum vegna kórónuveirufaraldursins, náðist ekki að mynda eins marga sérfræðihópa eins og lagt var upp með í upphafi. Sérfræðihóparnir urðu fjórir talsins, einn hópur barna með stuðningsþarfir og þrír hópar barna af erlendum uppruna.

Þátttakendur á ungmennahópi Reykjanesbæjar lýstu yfir áhyggjum sínum af börnum með fatlanir og börnum af erlendum uppruna. Áhyggjurnar lutu aðallega að því þessi hópar barna tilheyrðu ekki og væru einangraðir hópar sem þyrfti að huga betur að og stuðla m.a. að aukinni þátttöku þeirra í íþróttum og tómstundum. Fyrirkomulagi vinnunnar var þannig háttað að verkefnastjóri leitaði til sérfræðinga sem aðstoðuðu m.a. við gerð viðtalsramma.⁶ Því næst var útbúin glærukynning fyrir upplýsingafund og vinnustofur. Að lokinni undirbúningsvinnunni var haft samband við verkefnastjóra í íslensku sem öðru tungumáli (ÍSAT) í grunnskólum sveitarfélagsins sem fundu þátttakendur og sáu um framkvæmd viðtala í samvinnu við annað starfsfólk skólana. Einnig var leitað til verkefnastjóra Skjólins.⁷ Samsetning hópana var fjölbreytt og sköpuðust lífligar umræður.

Öflun þátttakenda fór þannig fram að viðmælendum var afhent kynningarbréf, annað ætlað þeim og annað foreldrum/forsjáraðilum þeirra. Til að tryggja jákvæða upplifun og merkingarbæra þátttöku var haldinn upplýsingafundur áður en farið var af stað með vinnustofur. Á upplýsingafundinum byrjaði umræðustjóri á því að kynna sig. Því næst sátu þátttakendur í hring og kynntu sig með nafni og uppáhalds mat eða lit. Að því loknu fór umræðustjóri yfir markmið samtalanna, hlutverk viðmælenda, hvernig skipulagi yrði háttað, mikilvægi þess að allar skoðanir væru jafn mikilvægar og hvernig niðurstöður samtalanna yrðu nýttar. Á fundinum var einnig horft á [fræðslumyndbönd UNICEF á Íslandi um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna](#). Að lokum voru börnin spurð að því hvort þau hefðu einhverjar spurningar um verkefnið og þau látin vita við hvern þau ættu að hafa samband ef þau vildu taka þátt í vinnustofum.

⁶ Fagðilar sem komu að undirbúningsvinnunni voru: forstöðusálfræðingur, verkefnastjóri ÍSAT, íþrótt- og tómstundafulltrúi, verkefnastjóri fjölmeningarmála og fulltrúar ungmennaráðs.

⁷ Skjólið er frístundastarf fyrir ungmenni í 5. til 10. bekk með stuðningsþarfir og er markmið starfseminnar að styrkja félagslega færni og draga úr félagslegri einangrun. Unnið er með styrkleika hvers og eins með það í huga að skapa öruggt og velkomið andrúmsloft.

Tafla 3: Samantekt á helstu niðurstöðum samtala við sérfræðihópa barna

Rýnihópur 1 Börn af erlendum uppruna	Rýnihópur 2 Börn af erlendum uppruna	Rýnihópur 3 Börn af erlendum uppruna	Rýnihópur 4 Börn með stuðningsþarfir
<p>* Ýmislegt hægt að gera utan skóla, t.d. íþróttir, vera úti með vinum, fara í 88 húsið, sund o.fl.</p> <p>* Allir fá góðar upplýsingar um það sem er í boði að gera fyrir utan skóla.</p> <p>* Væri mjög gott ef það væri í boði að fara á barnapiunámskeið, námskeið um framtíðarmöguleika og þess háttar.</p> <p>* Sumir hafa prófað margar íþróttir en ekkert hentað. Óþægilegt að klæða sig fyrir framan aðra og þjálfarar oft mjög strangir.</p> <p>* Upplifa stríðni vegna uppruna á æfingum.</p> <p>* Ekki allir sem hafa sömu tækifæri til íþróttaiðkunar t.d. vegna fjárhagsvandráða og/eða útlits.</p> <p>* Vantar fjölbreyttari dagskrá í 88 húsinu og Fjörheimum, t.d. viðburði þar sem er keppni og vinningar í boði.</p> <p>* Fara ekki mikið í 88húsið og Fjörheima. Líður ekki vel með krökkunum sem eru þar og þekja fáa.</p> <p>* Leita meira til vina og foreldra ef eitthvað kemur upp á eða þeim líður ekki vel.</p> <p>* Upplifa stríðni vegna tungumálaörðugleika.</p> <p>* Fá ekki tækifæri til að tala móðurmál sitt í skólanum.</p> <p>* Upplifa ekki að þau hafi sömu tækifæri í öllu.</p> <p>* Þegar maður kemur nýr á nýjan stað er mikilvægt að eignast vini og læra tungumálið.</p> <p>* Upplifa ekki mörg tækifæri til að hafa áhrif, hvorki á starfsemi skólanna né bæjarins.</p> <p>* Kallað eftir aðstöðu fyrir börn og ungmenni af erlendum uppruna til að hittast. Gott að kynna öðrum í sömu sporum.</p> <p>* Væri mjög gott ef það væri félagsmiðstöð í hverfinu. Þá er hægt að hitta skólafélaga nær heimilinu sínu og yrði auðveldara að fara þangað. Oft erfitt að komast til og frá 88 húsinu og Fjörheimum.</p> <p>* Einhverjir í skólanum sem tilheyra ekki.</p> <p>* Ekki allir í skólanum sem fá að vera eins og þeir eru án þess að vera strítt.</p> <p>* Fá ekki nægan stuðning, námslega og félagslega.</p> <p>* Margir sem gera grín ef maður talar ekki rétta íslensku, bæði í skólanum og í samfélaginu.</p> <p>* Mikilvægt að eiga vini svo maður hafi eitthvað að gera, sé ekki einn og geti haft gaman.</p>	<p>* Ýmislegt hægt að gera utan skóla, t.d. taikwando, fótþolti, blak, körfubolti o.fl.</p> <p>* Fá almennt góðar upplýsingar um það sem er í boði en erfitt að fá upplýsingar um æfingartíma.</p> <p>* Góð stemning í hópnum í íþróttum en oft erfitt að komast inn í hóp þar sem skipting er oft eftir hverfum og skólum.</p> <p>* Vita ekki af hverju þau mæta ekki í Fjörheima og 88 húsið en myndu sennilega mæta ef félagsmiðstöðin væri í hverfinu þeirra.</p> <p>* Sumir hitta aðra krakka eftir skóla og sumir ekki.</p> <p>* Ekki miklar áhyggjur af stríðni, almennt góður bekkjarandi en mikilvægt að vera ekki ein/n og nauðsynlegt að hafa einhvern til að tala við.</p> <p>* Almennt góður stuðningur, námslega og félagslega.</p> <p>* Ekki margir sem leita til starfsfólks í skólanum ef þeim líður illa. Leita frekar til vina og systkina.</p> <p>* Vita ekki mikið um hvað er í boði nema það sé sérstaklega kynnt í skólunum eða í samtali við þau.</p> <p>* Fá almennt ekki tækifæri til að tala móðurmál sitt í skólanum og kennarar og bekkjarfélagar vita lítið um upprunaland og krakkar tala illa um það.</p> <p>* Það sem skiptir máli þegar maður kemur nýr á nýjan stað er að venjast, að það sé eitthvað spennandi, vita eitthvað um tungumálið og kynna menningu.</p> <p>* Erfitt að eignast vini.</p> <p>* Almennt ekki mikið um tækifæri til að hafa áhrif, hvorki á skólasterfið né starfsemi bæjarins.</p> <p>* Það þarf að vinna gegn fordómum í skólum og bjóða upp á meiri fræðslu um ólíka menningu, tungumál o.s.frv.</p> <p>* Innflytjendur þurfa meiri fræðslu um skólakerfið og til hvers sé ætlast af þeim.</p> <p>* Engin aðstaða eða staður til að hafa áhrif. Alltaf í minnihluta og þ.a.l. erfitt að ná hlutum í gegn.</p> <p>* Hafa reynt að láta gera breytingar en það var ekki hlustað og ekkert gert.</p>	<p>* Ekki nægilega mikið í boði til að gera utan skóla, aðallega hitta vini og vera í tölvunni.</p> <p>* Fá almennt góðar upplýsingar um það sem er í boði. Upplýsingar koma frá kennurum.</p> <p>* Sumum líður illa í íþróttinni sinni og tengja það við að vera af erlendum uppruna. Oft hundsúð af liðsfélögum.</p> <p>* Fara ekkert í 88 húsið og Fjörheima. Félagsmiðstöðin er oft langt í burtu og erfitt að komast til og frá henni.</p> <p>* Það væri mjög gott ef það væri félagsmiðstöð í okkar hverfi.</p> <p>* Upplifa mikla stríðni og tengja það við að vera af erlendum uppruna.</p> <p>* Kallað eftir meiri stuðningi við heimanám.</p> <p>* Leita ekki starfsfólks í skólanum ef þeim líður ekki vel. Leita aðallega til foreldra.</p> <p>* Fá almennt ekki tækifæri til að tala móðurmál sitt í skólanum og kennarar og bekkjarfélagar vita lítið um upprunaland.</p> <p>* Kalla eftir meiri fræðslu um ólíka menningu og tungumál.</p>	<p>* Ýmislegt hægt að gera fyrir utan skóla, t.d. spila tölvuleiki, rafík, spila á píanó o.fl.</p> <p>* Fá upplýsingar um það sem er í boði í 88 húsinu.</p> <p>* Ýmislegt annað sem mætti vera í boði, t.d. meira lego, fleiri hjólabrettaæfingar og hlaupahjólaæfingar, nerf byssur o.fl.</p> <p>* Taka þátt í viðburðum utan skóla, t.d. diskótek, böll og bingó.</p> <p>* Ekki allir sem tilheyra.</p> <p>* Allir hafa einhvern til að tala við ef þeim líður ekki vel. Sumir nefna systkini, foreldra og kennara.</p> <p>* Skemmtilegast í skólanum: Lesa, læra, borða, íþróttir og sund, hitta vini og ípad á þriðjudögum.</p> <p>* Fá tækifæri til að hafa áhrif.</p>

3 Aðgerðaáætlun 2023 - 2025

Hér að neðan verða teknar saman þær aðgerðir sem stýrihópur verkefnisins hefur forgangsraðað og mynda aðgerðaáætlun Reykjanesbæjar 2023 - 2025 vegna innleiðingar Barnasáttmálans. Aðgerðaáætlun þessi byggir á niðurstöðum stöðumats og verður sú tenging sérstaklega tilgreind undir hverri og einni aðgerð. Ábyrgðaraðili er tilgreindur fyrir hverja aðgerð en hann ber ábyrgð á að aðgerðinni verði komið í framkvæmd innan þess tímaramma sem aðgerðinni er ætlað. Tekið er fram hvaða greinum Barnasáttmálans aðgerð tengist sérstaklega, heimsmarkmiðum og stefnuáherslum Reykjanesbæjar. Þá er tekið fram hvaða grunnþættir Barnvæns sveitarfélags eiga við um hverja aðgerð. Mikilvægt er að taka það fram að aðgerðaáætlun þessari er ekki ætlað að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eins og hann leggur sig enda er það verkefni sem lýkur aldrei. Stefnt er að því að aðgerðum verði lokið eða þær komnar vel af stað fyrir árslok 2024. Aðgerðirnar eru 16 talsins og er skipt upp í 7 þætti. Þættirnir eru eftirfarandi:

- Raddir barna
- Fræðsla
- Stjórnsýsla
- Umhverfis- og samgöngumál
- Geðheilbrigðismál
- Menntun og skólinn
- Frístundamál



Grunnþættir barnvænna sveitarfélaga

3.1 Raddir barna

Aðgerð 1: Ungmennaping verði haldið annað hvert ár og einnig verði skoðaður samstarfsflötur við ungmennaráð nærliggjandi sveitarfélaga um að halda ungmennaráðsþing.

Ábyrgð: Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags.

Verkefnishópur: Umsjónarmaður ungmennaráðs og fulltrúar ungmennaráðs Reykjanesbæjar.

Markmið: Að tryggja að raddir barna heyrast og að kjörnir fulltrúar og starfsfólk sé meðvitað um þau málefni sem brenna á börnum og ungmennum í sveitarfélaginu. Markmið ungmennaráðsþings er svo mynda tengslanet ungmennaráða á Suðurnesjum, að samræma störf þeirra, kortleggja stöðu þeirra heildstætt og ræða áskoranir næstu tvö árin.

Lýsing: Í aðgerðinni felst að ungmennaping Reykjanesbæjar verði haldið annað hvert ár þar sem börn og ungmenni koma saman og ræða það helsta sem brennur á þeim. Fulltrúar ungmennaráðs taka virkan þátt í undirbúningi og velja umræðuefni þingsins hverju sinni. Formfest verði að ungmennaping fari fram annað hvert ár. Einnig verði skoðaður samstarfsflötur við ungmennaráð nærliggjandi sveitarfélaga um að halda ungmennaráðsþing.

Fjárförð: 700.000 kr. annað hvert ár fyrir ungmennaping og 100.000 kr. annað hvert ár fyrir ungmennaráðsþing.

Tímarammi: Ungmennaping verði haldið árið 2023 og ungmennaráðsþing árið 2024. Eftir það verði þingin haldin til skiptis annað hvert ár.

Mæling: Sýnt fram á að þingin hafi verið haldin, unnið hafi verið úr niðurstöðum og þær kynntar fyrir bæjarfulltrúum og starfsfólki.

Aðgerðin styður við eftirfarandi stefnuáherslur sveitarfélagsins, grunnþætti barnvænna sveitarfélaga, greinar Barnasáttmálans og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna:



Aðgerð 2: Unnið verði að því að efla þátttöku barna í stefnumótun og ákvörðunum bæjarins og verklag mótað sem tryggir að leitað sé eftir skoðunum barna og þau upplýst, einkum þegar taka á ákvarðanir sem hafa áhrif á líf þeirra.

Ábyrgð: Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags.

Verkefnishópur: Starfsfólk fræðslu- og umhverfissviðs og fulltrúar ungmennaráðs.

Tenging við stöðumat: Könnun sem Reykjanesbær lagði fyrir börn á aldrinum 9 til 18 ára leiddi í ljós að um 70% barna segja starfsfólk Reykjanesbæjar aldrei hafa leitað eftir skoðunum þeirra. 41% voru ekki viss hvort þau vildu að leitað væri eftir skoðunum þeirra og 26% sögðust vilja það. Þá kom fram í samtali við sérfræðihópa barna og í samtali við fulltrúa ungmennaráðs að börn og ungmenni vilja fá fleiri tækifæri til að hafa áhrif á starfsemi bæjarins.

Markmið: Að tryggja að börn njóti þeirra réttinda sem kveðið er á um í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, einkum rétt þeirra til að taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku í öllum málum sem þau varða, sbr. 12. gr. sáttmálans.

Lýsing: Í aðgerðinni felst að þróaðar verði þátttökuleiðir og verklag mótað sem tryggir að leitað sé eftir skoðunum barna og þau upplýst, einkum þegar taka á ákvarðanir sem hafa áhrif á líf þeirra. Aðgerðin byrjar á fræðslu- og umhverfissviði. Starfsfólk vinnur að þróun þátttökuleiða í samstarfi við ungmennaráðið og umsjónarmann ráðsins. Í aðgerðinni felst einnig að tryggja ungmennaráðinu umfangsmikinn stuðning og aðstoða fulltrúa ráðsins við að rækja nýtt og stærra hlutverk sitt m.a. sem áheyrnarfulltrúar í fagráðum- og nefndum bæjarins.

Fjárförf: Vinnuframlag starfsfólks.

Tímarammi: Starfsfólk sem aðgerðin tekur til og fulltrúar ungmennaráðs vinni að þróun þátttökuleiða og mótun verklags fyrri hluta árs 2023. Þátttökuleiðir verði prufukeyrðar haustið 2023.

Mæling: Innleiðing verklags/ferils á umhverfis- og fræðslusviði sem tryggir reglulegt samráð við börn og ungmenni í Reykjanesbæ.

Aðgerðin styður við eftirfarandi stefnuáherslur sveitarfélagsins, grunnþætti barnvænna sveitarfélaga, greinar Barnasáttmálans og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna:



Aðgerð 3: Hannað verði viðmót sem gerir börnum kleift að koma sínum ábendingum og tilkynningum til bæjarins um mál sem varða þau án milligöngu fullorðinna.

Ábyrgð: Forstöðumaður Súlunnar verkefnastofu.

Verkefnishópur: Verkefnastjóri markaðsmála og vefstjóri í samvinnu við þverfaglegan vinnuhóp, m.a. börn og ungmenni.

Tenging við stöðumat: Þátttakendur á ungmennáþingi Reykjanesbæjar og í sérfræðihópum barna ræddu m.a. um að þeim langi til að fá fleiri tækifæri til að hafa áhrif á starfsemi bæjarins.

Markmið: Að tryggja að börn njóti þeirra réttinda sem kveðið er á um í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, einkum rétt þeirra til að taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku í öllum málum sem þau varða, sbr. 12. gr. sáttmálans.

Lýsing: Í aðgerðinni felst að *hannað verði viðmót* sem tryggir að börn og ungmenni geti að eigin frumkvæði og án milligöngu fullorðinna komið skoðunum sínum og ábendingum á framfæri og þannig haft áhrif á starfsemi bæjarins. Unnið verði áfram með *tilkynningarhnappa barnaverndar* á vef bæjarins, þeim komið fyrir í spjaldtölvum nemenda og séð til þess að þeir séu vel kynntir fyrir börnum. Tryggt verði að allar ábendingar sem berast fari í formlegt ferli innan stjórnarsýslunnar.

Fjárförf: 600.000 kr. í gerð kynningarmyndbanda um tilkynningarhnappa barnaverndar.

Tímarammi: Viðmót þar sem börn geta komið sínum ábendingum á framfæri um málefni bæjarins og tilkynningarhnappar barnaverndar tilbúnir haustið 2023 og tekið í notkun í byrjun árs 2024.

Mæling: Viðmót og tilkynningarhnappar komnir í gagnið og þeir kynntir vel fyrir börnum.

Aðgerðin styður við eftirfarandi stefnuáherslur sveitarfélagsins, grunnþætti barnvænna sveitarfélaga, greinar Barnasáttmálans og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna:



Aðgerð 4: Komið verði á fót ráðgjafahópum barna með fjölbreyttan bakgrunn.

Ábyrgð: Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags.

Verkefnishópur: Ungmennaráð Reykjanesbæjar í samstarfi við starfsfólk skóla, félagsmiðstöðva og önnur börn og ungmenni.

Tenging við stöðumat: Í samtölum við sérfræðihópa barna sögðust börnin vilja fá fleiri tækifæri til að hafa áhrif og koma skoðunum sínum á framfæri.

Markmið: Tryggja að raddir fjölbreytts hóps barna heyrast.

Lýsing: Í aðgerðinni felst að settir verði á fót ráðgjafahópar barna sem hafa m.a. það hlutverk að veita bæjarstjórn og starfsfólki ráðgjöf um mál sem varða þau. Lögð verði áhersla á að hóparnir séu fjölbreyttir, t.d. börn með fatlanir og stuðningsþarfir, börn af erlendum uppruna og börn sem eru án vinnu og ekki í skóla. Leitað verður eftir samstarfi við starfsfólk í grunn- og framhaldsskólum bæjarins sem hafa það hlutverk að skipa umsjómarmann/menn með ráðgjafarhópunum. Umsjónarmaður/menn vinna að verklagi í samvinnu við börnin, m.a. um tíðni funda og fundarefni. Fundargerðir ráðgjafahópa eru sendar ungmennaráði sem koma þeim á framfæri.

Fjárbörf: Vinnuframlag starfsfólks.

Tímarammi: Unnið verði að því að setja á fót ráðgjafahópa fyrri hluta árs 2023. Fyrstu fundir ráðgjafahópa haldnir haustið 2023.

Mæling: Ráðgjafahópar stofnaðir og a.m.k. tveir fundir farið fram. Niðurstöður ráðgjafahópa kynntar fyrir kjörnum fulltrúum og starfsfólki.

Aðgerðin styður við eftirfarandi stefnuáherslur sveitarfélagsins, grunnþætti barnvænna sveitarfélaga, greinar Barnasáttmálans og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna:



3.2 Fræðsla

Aðgerð 5: Unnið verði að því að auka þekkingu barna, starfsfólks og kjörinna fulltrúa á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Ábyrgð: Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags og stýrihópur.

Verkefnishópur: Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags í samstarfi við þverfaglegan vinnuhóp.

Tenging við stöðumat: 69% barna sem svöruðu könnun Reykjanesbæjar vissu ekki hvort Barnasáttmálinn gildi um þau sjálf, 53% höfðu ekki heyrt talað um sáttmálann og einungis 20% töldu sig geta nefnt fjögur réttindi úr sáttmálanum. Þá vissu 29% starfsfólks ekki hvort réttindin í Barnasáttmálanum hafi í för með sér skyldur fyrir börn og 36% töldu svo vera. Þá svaraði einungis 49% starfsfólks að það hafi fengið fræðslu um réttindi barna og hvernig þau tengist skólastarfi, frístundastarfi eða barnavernd.

Markmið: Að 60% barna, starfsfólks og kjörinna fulltrúa öðlist góða þekkingu á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Lýsing: Aðgerðin er þríþætt og felur í sér að:

- 1) Leik- og grunnskólar setji sér stefnu um samfellda réttindafræðslu fyrir lok árs 2023 þar sem lögð er áhersla á fræðslu fyrir bæði starfsfólk og nemendur. Aðgerðin verður unnin af verkefnastjóra Barnvæns sveitarfélags í þéttu samráði við þverfaglegan vinnuhóp, m.a. sérfræðinga á fræðsluviði, kennara og skólastjórnendur. Samhliða réttindafræðslunni verði lögð áhersla á fjölmenningsfræðslu í leik- og grunnskólum.
- 2) Starfsfólk og kjörnir fulltrúar fái fræðslu um Barnasáttmálann og réttindi barna í gegnum rafrænan fræðsluvettvang UNICEF á Íslandi. Kjörnir fulltrúar og bæjarstjóri fái fræðslu a.m.k. í upphafi hvers kjörtímabils. Hliðsjón verður höfð af kröfum UNICEF um þátttökuhlutfall.
- 3) Efni um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna verði sett inn á vef bæjarins. Á síðunni verði einnig að finna fréttasafn um verkefni í bænum sem tengjast sáttmálanum og hagnýtt efni um réttindi barna.

Fjárbörf: Vinnuframlag starfsfólks.

Tímarammi:

- 1) Stefna um réttindafræðslu fyrir starfsfólk og nemendur tilbúin í lok árs 2023.

- 2) Starfsfólk og kjörnir fulltrúar hafi lokið námskeiðunum á rafrænum fræðsluvettvangi UNICEF vorið 2023.
- 3) Vinnunni verði lokið vorið 2023.

Mæling:

- 1) Stefna um réttindafræðslu fyrir starfsfólk og nemendur tilbúin og hún innleidd með markvissum hætti.
- 1) Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags heldur utan um hversu margir hafa fengið fræðslu.
- 2) Búið að setja upp sér síðu á vef bæjarins.

Aðgerðin styður við eftirfarandi stefnuáherslur sveitarfélagsins, grunnþætti barnvænna sveitarfélaga, greinar Barnasáttmálans og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna:



Aðgerð 6: Efla fræðslu um mikilvægi tilkynninga til barnaverndar og viðbrögð þegar grunur vaknar um ofbeldi og/eða vanrækslu gagnvart barni eða þegar barn stundar áhættu hegðun. Einnig verði unnið að því að fræða börn um hvert þau geti leitað sér hjálpar.

Ábyrgð: Teymisstjórar barnaverndar og barna- og fjölskylduteymis.

Verkefnishópur: Starfsfólk barnaverndar og barna- og fjölskylduteymis.

Tenging við stöðumat: 34% starfsfólks sem vinnur með börnum sem svöruðu könnun bæjarins sögðu að tilkynningarskylda barnaverndarlaga hafi ekki verið kynnt fyrir því frá því að það hóf störf. Þá svaraði um 15% starfsfólks því að ekki væru skýrar verklagsreglur á þeirra vinnustað um tilkynningar til barnaverndar og 17% vissu það ekki. Einnig svaraði um 57% starfsfólks að það hafi ekki fengið markvissa fræðslu um viðbrögð vegna ofbeldis, vanrækslu eða áhættu hegðunar barna.

Markmið: Að starfsfólk sem starfar með börnum sé meðvitað um mikilvægi tilkynninga til barnaverndar og hvernig eigi að bregðast við þegar grunur vaknar um vanrækslu og ofbeldi gagnvart börnum og þegar barn stundar áhættu hegðun.

Lýsing: Í aðgerðinni felst að útbúin verði fræðsluáætlun um framangreint og að unnið sé markvisst eftir henni.

Fjárförð: kr. 1.000.000 í gerð fræðsluefnis og fyrir kynningar. kr. 500.000 árlega fyrir kynningar.

Tímarammi: Fræðsluáætlun verði unnin á árinu 2023. Verkefnið er viðvarandi.

Mæling: Fræðsluáætlun tilbúin og fylgst verður með því með skoðanakönnun og/eða þátttökulistum hversu margir hafa fengið fræðslu.

Aðgerðin styður við eftirfarandi stefnuáherslur sveitarfélagsins, grunnþætti barnvænna sveitarfélaga, greinar Barnasáttmálans og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna:



3.3 Stjórnsýsla

Aðgerð 7: Yfirfara stefnur og áætlanir bæjarins m.t.t. réttinda barna.

Ábyrgð: Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags.

Verkefnishópur: Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags og verkefnastjóri fjölmeningarmála í samvinnu við þverfaglegan vinnuhóp, m.a. börn og ungmenni.

Tenging við stöðumat: Svör stýrihópsins við gátlistum UNICEF sem byggja á 5 grunnþáttum barnvænna sveitarfélaga og yfirferð verkefnastjóra á stefnumótandi skjölum bæjarins leiddu í ljós að þörf er á að yfirfara stefnumótandi skjöl bæjarins m.t.t. réttinda barna.

Markmið: Að stefnur og áætlanir bæjarins taki betur mið af börnum, réttindum þeirra og fjölbreytileika og að Barnasáttmálinn verði sýnilegri.

Lýsing: Í aðgerðinni felst að stefnur og áætlanir sveitarfélagsins verði yfirfarnar. Byrjað verður á menningarstefnu, fjölmeningarstefnu, lýðheilsustefnu, umhverfis- og lofslagsstefnu og jafnréttisáætlun bæjarins. Verkefnishópur skoðar hvort þörf er á að yfirfara aðrar stefnur og áætlanir.

Fjárför: Vinnuframlag starfsfólks.

Tímarammi: Yfirferð á stefnum og áætlunum fari fram árið 2023.

Mæling: Yfirferð lokið og uppfærðar stefnur og áætlanir kynntar.

Aðgerðin styður við eftirfarandi stefnuáherslur sveitarfélagsins, grunnþætti barnvænna sveitarfélaga, greinar Barnasáttmálans og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna:



Aðgerð 8: Mótun mannréttindastefnu.

Ábyrgð: Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags.

Verkefnishópur: Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags og verkefnastjóri fjölmeningarmála í samvinnu við þverfaglegan vinnuhóp, m.a. börn og ungmenni.

Tenging við stöðumat: Í leiðbeinandi spurningalistum UNICEF er spurt hvort mannréttindastefna hafi verið gerð innan sveitarfélagsins. Slík stefna hefur ekki verið gerð.

Markmið: Að mótuð verði heildstæð og skýr stefna sveitarfélagsins um mannréttindi íbúa, þ.á.m. barna.

Lýsing: Í aðgerðinni felst að mótuð verði mannréttindastefna fyrir sveitarfélagið sem tekur mið af Barnasáttmálanum, Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem og nýrri stefnu, gildum sveitarfélagsins, virðingu, eldmóði og framsækni og yfirskrift stefnunnar; Reykjanesbær í krafti fjölbreytileikans. Lögð verður áhersla á að börn og ungmenni taki þátt í mótun stefnunnar.

Fjárförf: 1.000.000 kr. fyrir myndræna framsetningu og kynningar.

Tímarammi: Mannréttindastefna unnin á árinu 2023.

Mæling: Mannréttindastefna tilbúin og hún kynnt fyrir starfsfólki, kjörnum fulltrúum og íbúum.

Aðgerðin styður við eftirfarandi stefnuáherslur sveitarfélagsins, grunnþætti barnvænna sveitarfélaga, greinar Barnasáttmálans og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna:



Aðgerð 9: Stigin verði fyrstu skrefin í átt að því að innleiða barnvænt hagsmunarmat inn í verklag allrar stjórnarsýslunnar.

Ábyrgð: Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags.

Verkefnishópur: Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags í samvinnu við starfsfólk allra sviða.

Tenging við stöðumat: Svör stýrihópsins við gátlistum UNICEF og viðhorfskönnun leiddu í ljós að starfsfólk bæjarins og kjörnir fulltrúar geti gert betur í að leita til barna til að fá fram þeirra skoðanir í málum sem varða þau.

Markmið: Að alltaf sé lagt sérstakt mat á áhrif ákvarðana sveitarfélagsins á börn og að börnum sé skapaður vettvangur til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem þau varða, sbr. 3. og 12. gr. Barnasáttmálans.

Lýsing: Í aðgerðinni felst að stíga fyrstu skrefin í átt að því að innleiða barnvænt hagsmunamat inn í verklag allrar stjórnarsýslu sveitarfélagsins. Farið verði í greiningarvinnu og settar fram tillögur að því hvers konar ákvarðanir þurfi að fara í gegnum barnvænt hagsmunamat og hvað það felur í sér.

Fjárbörf: Vinnuframlag starfsfólks.

Tímarammi: Verkefnishópur útfæri hugmyndir að því hvers konar ákvarðanir þurfi að fara í gegnum barnvænt hagsmunamat og hvað það felur í sér. Fyrstu hugmyndir kynntar haustið 2023 og unnið að nánari útfærslum í framhaldinu.

Mæling: Greinargerð verkefnishóps tilbúin, hún kynnt og ákvörðun tekin um innleiðingu.

Aðgerðin styður við eftirfarandi stefnuáherslur sveitarfélagsins, grunnþætti barnvænna sveitarfélaga, greinar Barnasáttmálans og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna:



Aðgerð 10: Skoðað verði hvort sveitarfélagið ætli að innleiða barnamiðaða fjárhagsáætlun (e. Child friendly budgeting).

Ábyrgð: Bæjarstjóri og fjármálastjóri.

Verkefnishópur: Fjármálastjóri í samvinnu við öll svið og stofnanir bæjarins.

Tenging við stöðumat: Reykjanesbær hefur ekki innleitt barnamiðaða fjárhagsáætlun, sbr. svör stýrihópsins við gátlistum UNICEF sem byggja á fimm grunnþáttum barnvænna sveitarfélaga.

Markmið: Að það sem börnum er fyrir bestu sé haft til hliðsjónar við gerð fjárhagsáætlunar þar sem við á og að skoðað sé sérstaklega hvaða áhrif niðurskurður hefur á börn.

Lýsing: Hefja vinnu við að skoða hvað felst í barnamiðaðri fjárhagsáætlun og hvað þarf að gera til að innleiða slíka áætlun.

Fjárförf: Í fyrstu eingöngu vinnuframlag starfsfólks.

Tímarammi: Málið skoðað á árinu 2023 og ákveðið í framhaldinu hvort barnamiðuð fjárhagsáætlun verði innleidd.

Mæling: Ákvörðun verkefnishóps um það hvort barnamiðuð fjárhagsáætlun verði innleidd.

Aðgerðin styður við eftirfarandi stefnuáherslur sveitarfélagsins, grunnþætti barnvænna sveitarfélaga, greinar Barnasáttmálans og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna:



Aðgerð 11: Tengiliður barna.

Ábyrgð: Bæjarráð.

Markmið: Að til staðar verði talsmaður barna innan stjórnkerfisins sem hefur almenna umsjón með allri vinnu er lýtur að réttindum barna skv. Barnasáttmálanum gætir hagsmuna barna og kemur málum þeirra í réttan farveg innan stjórnsýslunnar.

Lýsing: Í aðgerðinni felst að hafist verði handa við að undirbúa ráðningu starfsmanns tengiliðs barna í Reykjanesbæ. Viðkomandi verði sérstakur tengiliður við börn í Reykjanesbæ, stjórnsýsluna og ungmennaráð. Tengiliður talar máli barna innan kerfisins og kallar rétta aðila að borðinu þegar svo ber undir ásamt því að sinna fleiri verkefnum sem hafa með innleiðingu Barnasáttmálans og velferð barna í Reykjanesbæ að gera. Starfsmaður hefur einnig umsjón með samráði við börn og ungmenni í sveitarfélaginu.

Fjárpörf: 50% starfshlutfall.

Tímarammi: Undirbúningur hefjist á árinu 2023 fyrir ráðningu starfsmanns tengiliðs barna í Reykjanesbæ.

Mæling: Búið að ráða í stöðu tengiliðs barna og ákveða staðsetningu viðkomandi innan stjórnkerfisins.

Aðgerðin styður við eftirfarandi stefnuáherslur sveitarfélagsins, grunnþætti barnvænna sveitarfélaga, greinar Barnasáttmálans og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna:



Aðgerð 12: Öll svið Reykjanesbæjar tilnefni réttindafulltrúa.

Ábyrgð: Sviðsstjórar allra sviða.

Markmið: Að Barnasáttmálanum sé haldið á lofti innan allra sviða og tryggt að starfsfólk fái fræðslu um sáttmálann.

Lýsing: Öll svið Reykjanesbæjar tilnefni réttindafulltrúa. Hlutverk réttindafulltrúa er að sjá til þess að starfsfólk á þeirra sviði fái fræðslu um Barnasáttmálann og innleiðingu hans og standi vörð um réttindi barna innan síns sviðs. Réttindafulltrúar fái góða fræðslu um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og vinni í sameiningu að því að þróa hlutverk réttindafulltrúa.

Fjárförð: Vinnuframlag starfsfólks.

Tímarammi: Búið verði að skipa réttindafulltrúa vorið 2023 og helstu verkefnum og ábyrgð réttindafulltrúa komið fyrir í starfslýsingu.

Mæling: Búið að velja réttindafulltrúa og þróa hlutverk þeirra.

Aðgerðin styður við eftirfarandi stefnuáherslur sveitarfélagsins, grunnþætti barnvænna sveitarfélaga, greinar Barnasáttmálans og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna:



3.4 Umhverfis- og samgöngumál

Aðgerð 13: Settur verði á fót samráðshópur um umhverfis- og samgöngumál í sveitarfélaginu, m.a. skipaður börnum og ungmennum.

Ábyrgð: Sviðsstjóri umhverfissviðs.

Tenging við stöðumat: Á ungmennanægingi var mikil óánægja meðal þátttakenda með núverandi leiðarkerfi almenningsvagna þar sem m.a. var rætt um að tímatöflur almenningsvagna og æfingartíma passi ekki vel saman. Einnig kom fram að strætó væri hættur að fara þann hring sem hentaði t.d. börnum í Innri Njarðvík vel. Þátttakendur töluðu einnig um að skoða mætti staðsetningu göngustíga m.t.t. skólaleiða og að bæta mætti lýsingu á ýmsum svæðum. Þá var einnig talað um að umhverfið mætti vera litríkara og að það vanti meiri gróður á opin svæði.

Markmið: Að leiðarkerfi almenningsvagna taki betur mið af þörfum barna og ungmenna með tilliti til íþrótt-, tómstunda- og skólastarfs. Einnig að horft verði til og tekið tillit til sjónarmiða barna um staðsetningu göngustíga, lýsingar við þau svæði þar sem þeim þykir lýsingu ábótavant og hvar vanti meiri gróður og liti í umhverfið.

Lýsing: Í aðgerðinni felst að leiðarkerfi almenningsvagna verði endurskoðað af samráðshópi, skipaður tveimur fulltrúum af umhverfissviði, fjórum fulltrúum barna og ungmenna og tveimur fulltrúum foreldra. Samráðshópurinn skoðar einnig staðsetningu göngustíga o.fl. m.t.t. öryggis og þarfa barna og ungmenna og annað sem börnum þykir mikilvægt fyrir sitt nærumhverfi.

Fjárbörf: Vinnuframlag starfsfólks.

Tímarammi: Samráðshópur settur á fót vorið 2023. Aðgerðin er viðvarandi.

Mæling: Samráðshópur virkur og unnið að úrbótum samkvæmt ábendingum.

Aðgerðin styður við eftirfarandi stefnuáherslur sveitarfélagsins, grunnþætti barnvænna sveitarfélaga, greinar Barnasáttmálans og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna:



3.5 Geðheilbrigðismál

Aðgerð 14: Settur verði á fót verkefnishópur sem hefur það hlutverk að setja fram tillögur um lágþröskulda ráðgjafarþjónustu í sveitarfélaginu fyrir börn og ungmenni 16 ára og eldri.

Ábyrgð: Sviðsstjórar velferðar- og fræðsluviðs.

Verkefnishópur: Forstöðumaður Bjargarinnar, forstöðumaður Fjörheima og 88 hússins í samvinnu við þverfaglegan verkefnishóp, m.a. börn og ungmenni.

Tenging við stöðumat: Samkvæmt lýðheilsuvísum embættis landlæknis mælist vellíðan barna í 8. til 10. bekk lægri en annarsstaðar á landinu og einungis 25% barna í 8. til 10. bekk meta andlega heilsu sína „mjög góða“ (Rannsóknir & greining 2022). Þátttakendur á ungmennahópi Reykjanesbæjar kölluðu einnig eftir aukinni þjónustu og meiri fræðslu í málaflokknum.

Markmið: Að bregðast við niðurstöðum rannsókna um andlega heilsu barna og ungmenna í Reykjanesbæ og að gera þjónustu við börn og ungmenni aðgengilegri og sýnilegri þegar kemur að andlegri heilsu.

Lýsing: Í aðgerðinni felst að ráðist verði í greiningarvinnu á því hvað þarf til að koma á fót lágþröskulda ráðgjafarþjónustu fyrir börn og ungmenni, 16 ára og eldri í ungmennahúsi Reykjanesbæjar að fyrirmynd Bergsins Headspace. Markmið þjónustunnar yrði að bjóða upp á snemmtæka íhlutun í formi ráðgjafar sem veitir forvörn við andlegum vandamálum sem leiða til langvarandi stuðningsþarfa.

Fjárförf: Í fyrstu eingöngu vinnuframlag starfsfólks.

Tímarammi: Verkefnishópur skilar tillögum fyrir fjárhagsáætlun 2024.

Mæling: Ákvörðun tekin um hvort koma eigi á fót lágþröskulda ráðgjafarþjónustu í bænum.

Aðgerðin styður við eftirfarandi stefnuáherslur sveitarfélagsins, grunnþætti barnvænna sveitarfélaga, greinar Barnasáttmálans og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna:



3.6 Menntun og skólinn

Aðgerð 15: Unnið verði að reglum og verklagi fyrir skóla- og nemendaráð og tryggt að börn sem eiga sæti í ráðunum fái fræðslu um ráðin og hlutverk sitt. Einnig að tryggt verði að til staðar sé starfsfólk sem aðstoðar fulltrúa í ráðunum eftir þörfum.

Ábyrgð: Sviðsstjóri fræðsluviðs.

Verkefnishópur: Grunnskólafulltrúi í samstarfi við þverfaglegan vinnuhóp, m.a. börn og ungmenni.

Tenging við stöðumat: Á ungmennanægingi Reykjanesbæjar ræddu þátttakendur m.a. um nemendaráð og voru þeirrar skoðunar að misjafnt væri milli skóla hve mikill stuðningur væri við nemendaráðin. Þar kom einnig í ljós að ekki allir þátttakendur vissu hvað nemendaráð er og hvert væri hlutverk þess.

Markmið: Að í sveitarfélaginu séu starfrækt öflug nemendaráð og að þau börn sem taka sæti í ráðunum þekki hlutverk sitt og þær skyldur sem þau gegna.

Lýsing: Í aðgerðinni felst að unnið verði að reglum og verklagi fyrir nemenda- og skólaráð allra skóla og þær yfirfarnar í upphafi hvers skólaárs. Einnig að tryggt verði að börn sem sitja í ráðunum fái fræðslu um hlutverk sitt og að til staðar sé starfsfólk sem aðstoðar börnin eftir þörfum.

Fjárpörf: Vinnuframlag starfsfólks.

Tímarammi: Reglur verði tilbúnar fyrir haustið 2023, börn fái fræðslu í upphafi hvers skólaárs og búið verði að velja starfsmann í hverjum skóla sem hefur umsjón sem starfsemi ráðsins.

Mæling: Könnun meðal fulltrúa í ráðunum á áhrifum þeirra og mikilvægi hlutverks þeirra. Uppfærðar verklagsreglur kynntar og búið að velja starfsmann sem heldur utan um starfsemi hvers ráðs.

Aðgerðin styður við eftirfarandi stefnuáherslur sveitarfélagsins, grunnþætti barnvænna sveitarfélaga, greinar Barnasáttmálans og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna:



3.7 Frístundamál

Aðgerð 16: Frístundastefna.

Ábyrgð: Sviðsstjóri fræðsluviðs.

Verkefnishópur: Íþrótt- og tómstundafulltrúi í samstarfi þverfaglegan vinnuhóp m.a. börn og ungmenni.

Tenging við stöðumat: Þátttakendur á ungmennahópi Reykjanesbæjar töluðu m.a. um að ekki allir hefðu jafnan aðgang að íþróttum og tómstundum. Í því samhengi var m.a. nefnt að í sveitarfélaginu er aðeins ein félagsmiðstöð og erfitt fyrir þau börn og ungmenni sem búa langt frá að komast til og frá félagsmiðstöðinni. Þá var einnig talað um að það vanti fleiri viðburði fyrir börn í 8. til 10. bekk, að auglýsa þurfi íþróttir- og tómstundir betur og að endurskoða þurfi tímatöflur íþrótt- og tómstunda þannig að þær skarist ekki. Við þetta má bæta að einungis 25% barna í 8. til 10. bekk meta andlega heilsu sína mjög góða (Rannsóknir og greining 2022) og 22% segjast mæta í félagsmiðstöð samanborið við 45% á landsvísu (Rannsóknir og greining 2022).

Markmið: Að lögð verði áhersla á að skipulagning og framkvæmd frístundastarfs taki mið af þörfum íbúa sveitarfélagsins þar sem lögð er áhersla á að bjóða upp á heildstæða og faglega þjónustu þar sem gildi frítímastarfs, afþreyingar-, menntunar- og forvarnargildi eru höfð að leiðarljósi. Einnig að stefnumótun í frístundamálum verði réttindum barna í sveitarfélaginu til framdráttar. Einnig að tryggt verði að kynningar á frístundastefnu og framboði frístunda taki mið af þörfum barna með annað móðurmál en íslensku.

Lýsing: Í aðgerðinni felst að settur verði á fót verkefnishópur sem hefur það hlutverk að sinna rannsóknarvinnu og þarfagreiningu á frístundastarfi íbúa í Reykjanesbæ. Í framhaldinu vinnur verkefnishópur frístundastefnu ásamt því að leggja til aðgerðaáætlun til 5 ára.

Tímarammi: Frístundastefna og aðgerðaáætlun 2025 - 2030 tilbúin til kynningar og umsagnar í lok árs 2024.

Mæling: Frístundastefna tilbúin og unnið markvisst að innleiðingu hennar.

Aðgerðin styður við eftirfarandi stefnuáherslur sveitarfélagsins, grunnþætti barnvænna sveitarfélaga, greinar Barnasáttmálans og Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna:



Yfirlit aðgerða

Ath. að vinnuframlag núverandi starfsfólks er ekki inni í kostnaðartölum.

Nr.	Aðgerð	Kostnaður innleiðingar 2023	Árlegur rekstrarkostnaður	Ábyrgðaraðili
1	Ungmennahóping og ungmennaráðsþing.	700.000 kr.	700.000 kr. og 100.000 kr.	Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags
2	Efla þátttöku barna í stefnumótun og ákvarðanatöku í málefnum bæjarins.			Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags
3	Hönnun á viðmóti. Ábendingar og tilkynningar barna.	600.000 kr.		Forstöðumaður Súlunnar verkefnastofu
4	Ráðgjafahópar barna með fjölbreyttan bakgrunn.			Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags
5	Auka þekkingu á Barnasáttmálanum hjá starfsfólki, börnum og kjörnum fulltrúum.			Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags og stýrihópur
6	Efla fræðslu um tilkynningar til barnaverndar þegar grunur vaknar um vanrækslu og/eða ofbeldi gagnvart barni.	1.000.000 kr.	500.000 kr.	Teymisstjórar Barnaverndar og barna- og fjölskylduteymis.
7	Yfirfara stefnur og áætlanir m.t.t. réttinda barna.			Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags
8	Mótun mannréttindastefnu.	1.000.000 kr.		Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags
9	Barnvænt hagsmunamat – fyrstu skrefin.			Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags
10	Barnamiðuð fjárhagsáætlun (Child friendly budgeting).			Bæjarstjóri og fjármálastjóri
11	Tengiliður barna.		5.000.000 kr.	Bæjarráð
12	Réttindafulltrúar á öllum sviðum.			Sviðsstjórar allra sviða
13	Samráðshópur um umhverfis- og samgöngumál.			Sviðsstjóri umhverfissviðs
14	Lágþröskulda ráðgjafajónusta fyrir börn 16 ára og eldri.			Sviðsstjórar velferðar- og fræðslusviðs
15	Skóla- og nemendaráð. Fræðsla, stuðningur og yfirferð og mótun verklagsreglna.			Sviðsstjóri fræðslusviðs.
16	Mótun frístundastefnu.			Sviðsstjóri fræðslusviðs.
	Samtals	<i>3.300.000 kr.</i>	<i>6.300.000 kr.</i>	